

Fundargerð 979. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 16. maí kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Hjálmar Sveinsson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 978. fundar - 2410016SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 978. fundar stjórnar Sambandsins frá 30. apríl 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Próun fjárhagsaðstoðar vegna flóttafólks - Borgarbyggð - 2505005SA

Lagt fram minnisblað Stefáns Brodda Guðjónssonar sveitarstjóra Borgarbyggðar, dags. 12. maí 2025, um alvarlega þróun í fjárhagsaðstoð - forsendurbrestur fyrir Borgarbyggð.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir áhyggjur Borgarbyggðar af vaxandi kostnaði vegna fjárhagsaðstoðar og leggur áherslu á mikilvægi þess að koma í veg fyrir frekari kostnaðaraukningu. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að eiga samtál við fulltrúa Borgarbyggðar og annara sveitarfélaga í svipaðri stöðu um aðkomu Sambandsins að viðræðum við ríkið.

3. Samningar vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd - 2207022SA

Lagt fram minnisblað Sambandsins, dags. 13. maí 2025, um samninga við sveitarfélög vegna flóttafólks.

Stjórn leggur ríka áherslu á að fundur fari fram með félags- og húsnaðismálaráðherra sem fyrst, með það að markmiði að fá skýr svör um næstu skref.

Jón Björn Hákonarson vék af fundi kl. 8:30 og tók Margrét Ólöf A. Sanders, varaformaður Sambandsins, við stjórn fundarins.

4. Vorfundur stjórnar Sambandsins 2025 - 2410016SA

Lögð fram til kynningar dagskrá vorfundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025 sem haldinn verður á Vestfjörðum 27.-28. maí nk.

5. **Hlaðvarp Sambandsins - Ráðhúsið - 2505002SA**
Samskiptastjóri gerði grein fyrir nýju hlaðvarpi Sambandsins sem mun bera heitið RáðHúsið og fer í loftið í maí 2025.
6. **Fundargerð XL. landsþings Sambandsins - 2407022SA**
Lögð fram til kynningar fundargerð XL. landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Hilton Reykjavík Nordica, 20. mars 2025.
7. **Tilnefning varafulltrúa í aðgerðarhóp um brúun bilsins milli fæðingarorlofs og leikskóla - 2408016SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 6. maí 2025, þar sem Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, er tilnefnd sem varafulltrúi í aðgerðarhóp um brúun bilsins milli fæðingarorlofs og leikskóla.
8. **Tilnefning í stjórn Byggðastofnunar - 2505003SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 7. maí 2025, þar sem Margréti Ólöfu A. Sanders, bæjarfulltrúa í Reykjanesbæ og fulltrúi í stjórn hjá Sambandinu, er tilnefnd sem aðalmaður í stjórn Byggðastofnunar, og Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambandsins, til vara.
9. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030 - 2504017SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjárlaganefnd Alþingis, dags. 23. apríl 2025, um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030, 264. mál.
10. **Umsögn um frumvarp til laga um skipan upplýsingatækni í rekstri ríkisins - 2504014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 8. apríl 2025, um frumvarp til laga um skipan upplýsingatækni í rekstri ríkisins, 141. mál.
11. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni aldraðra - ábyrgðarskipting á uppbyggingu hjúkrunarheimila - 2504031SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 28. apríl 2025, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni aldraðra (ábyrgðarskipting á uppbyggingu hjúkrunarheimila), 288. mál.

Fundi var slitið kl. 08:55